

Mál nr. 223/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er vatn flæddi upp um niðurfall í þvottahúsi.****Gögn.**

112. Málskot, dags. 11.7.2014.

113. Bréf X, dags. 22.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 5.7.2014 gerði mikla rigningu í sveitarfélaginu S með þeim afleiðingum að vatn flæddi upp um niðurfall í þvottahúsi á neðri hæð í húsi M. Öll gólfefni á hæðinni munu hafa eyðilagst.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis sem hann hefur í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í grein 9.1.1 í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um húseigendatrygginguna kemur fram að vátryggingin bæti tjón af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. Ennfremur bætir vátryggingin skv. gr. 9.1.6 í skilmálunum tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Á hinn bóginn bætir vátryggingin ekki tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum, eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss, sbr. gr. 9.1.8 í skilmálunum.

Tjón á gólfefnum í húsi M hlaut af völdum þess að vatn flæddi upp um vatnsniðurfall. Þegar litið er til undanþáguákvæðis í gr. 9.1.8 í vátryggingarskilmálunum, um að vátryggingin bæti ekki tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum, verður að telja að tjónið hafi orðið við þær aðstæður sem falli undir undanþáguákvæðið. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr vátryggingunni vegna þess tjóns sem hann varð fyrir.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá X.

Reykjavík, 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.